

Ed.

470. Breytingartillaga

[173. mál]

við frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar (PÞ og ÁB).

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar til fjögurra ára í senn. Samgöngumálaráðherra skipar einn þeirra formann. Ráðherra ákveður laun stjórnarnefndarinnar.

Verkefni stjórnarnefndarinnar er að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sam-
eiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar,
þ. á m. áætlanir um ferðir skipanna, um far- og farmgjaldtaxta, um meiri háttar
viðgerðir og endurbætur á skipum, húsakynnum eða tækjum, um váttryggingar skip-
anna, um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun til-
boða í því sambandi og mat á tilboðum, sem berast kunna.

Nefndin skal halda gerðabók, sem löggilt er af ráðuneytinu.